

## 45. Frumvörp

til laga um heimild handa landsstjórninni til framkvæmda á rannsóknum til undirhúnings virkjunar Sogsfossanna.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

### 1. gr.

Landsstjórninni er heimilað að gera eða láta gera mælingar, uppdrætti, útreikninga, lýsingar, kostnaðaráællanir og aðrar rannsóknir, er þarf til fullnádardráttá að virkjun Sogsfossanna til orkunýtingar og veitu orkunnar til notkunarstaðanna, þar á meðal orkuveitur til almenningsþarfa. Í sambandi við þær er henni og heimilað að láta gera samskonar rannsóknir um lagningu járnbrautar frá Reykjavík til Sogsfossanna og um Suðurlandsundirlendið svo langt austur eftir, sem henni þykir ástæða til.

### 2. gr.

Ef landsstjórnin felur öðrum rannsóknir þessar, þannig að þeir menn, sem framkvæma þær, eru ekki í þjónustu hennar beinlínis, skal hún láta vinna allt rannsóknarstarfið í samráði við og undir eftirliti verkfræðings eða verkfræðinga, er hún skipar til þess, og mega þeir ekkert starf hafa á hendi fyrir þann eða þá, sem hafa tekið að sjer framkvæmd rannsóknarinnar, meðan hún stendur yfir. Verði vatnastjórn skipuð áður en rannsóknin kemur til framkvæmda, má landsstjórnin fela henni eftirlit það, er um ræðir í þessari grein.

### 3. gr.

Landsstjórninni er heimilað að greiða kostnað allan við störf þau, er getur í 1. og 2. gr., úr landssjóði til bráðabirgða, en allur kostnaðurinn skal á sínum tíma, ef virkjun fossanna kemst í framkvæmd, teljast með virkjunarkostnaði þeirra, og endurgreiðast landssjóði af þeim, er heimild fær til virkjunarinnar, ef heimild verður veitt til að framkvæma hana á kostnað annara en landssjóðs, og skal greiðslan áskilin í heimildinni.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða frumvarpi, er meiri hluti millipinganefndarinnar í fossamálinu samdi.